



Forsætisnefnd

Tillaga fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta um aukna jafnréttisfræðslu fyrir börn og ungmenni

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 11. mars 2021, var lögð fram að nýju tillaga fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta um aukna jafnréttisfræðslu fyrir börn og ungmenni, ásamt umsögn skóla- og frístundasviðs, sbr.6. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d.

Samþykkt var að vísa tillögunni til starfshóps um kynja- og hinseginfræðslu.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Í kjölfar fundar borgarstjórnar með Reykjavíkurráði ungmenna þar sem tillögu ungmennaráðs Árbæjar og Holta um aukna jafnréttisfræðslu fyrir börn og ungmenni var vísað til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs var ákveðið á sameiginlegum fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs 25. júní 2020 að ráðast í heildstæða vinnu við aukna kynja-, hinsegin- og jafnréttisfræðslu þar sem kveikjan var tillaga ungmennaráðsins. Í því samhengi var stofnaður starfshópur um kynja- og hinseginfræðslu sem er falið að gera nauðsynlegar greiningar og vinna að tillögum að því hvernig best sé að auka og efla kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi. Vegna Covid-19 náðist ekki að funda með fulltrúum ungmennaráða á sama fundi og starfshópurinn var skipaður en tillagan var sannarlega kveikjan að þessari vinnu og er henni því hér með formlega vísað til úrvinnslu starfshópsins sem er að leggja grunn að meiri og betri jafnréttis-, kynja- og hinseginfræðslu fyrir börn og ungmenni. Með þessari afgreiðslu er lýst fullum stuðningi við þau sjónarmið sem koma fram í tillögu ungmennaráðsins.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að ungmenni biðji um aukna jafnréttisfræðslu hvort sem það sé vegna þess að hún sé ekki næg eða að þau vilji einfaldlega meiri og dýpri fræðslu um einstaka þætti. Í umsögn jafnréttis- lýðræðis- og mannréttindateymis kemur fram það sem fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af sem er að „þrátt fyrir að jafnréttisfræðsla sé lögbundin er enginn ábyrgðaraðili til staðar sem tryggja á að fræðslunni sé sinnt í skólakerfinu og fyrir vikið má teljast afar líklegt að misjafn sé á milli skóla hversu mikla og hversu markvissa jafnréttisfræðslu nemendur fá“. Þetta er ástæða tillagna Flokks fólksins í lið 3 og 4 á sama fundi um að gerð verði sérstök úttekt og könnun á samræmingu á jafnréttisfræðslu í skólum og frístund. Þeim tillögum var vísað frá. Stýrihópur hefur verið settur á laggirnar sem m.a. á að kortleggja jafnréttisfræðslu í skóla- og frístund. Niðurstöður þeirra mun varpa ljósi á

margt en eftir stendur áfram sú staðreynd að það er enginn ábyrgðaraðili til staðar sem tryggja á að fræðslunni sé sinnt í skólakerfinu. Þess vegna er afar brýnt að gerð verði kerfisbundin úttekt á fræðslunni og það skoðað hversu samræmd hún er milli staða.

Með kveðju

Elísabet Pétursdóttir

Samrit:

Starfshópur um kynja- og hinseginfræðslu
Ungmennaráð Árbæjar og Holta/Tengiliður Reykjavíkurráðs ungmenna, Hulda Valdís Valdimarsdóttir
verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta
Umsögn skóla- og frístundasviðs